

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 162/2006, um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár.

#### 1. gr.

5. og 6. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. tl. Fyrir hverja ljósritaða blaðsíðu allt að 20	kr.	50
6. tl. Fyrir hverja ljósritaða blaðsíðu umfram 20	kr.	40

#### 2. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a. Orðin „eða rafræna miðlun“ í fyrirsögn 2. mgr. 6. gr. falla brott.
- b. Á eftir 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi:  
*Fyrir afrit af fyrirtækjaskrá til miðlunar um miðlægt upplýsingakerfi:*
  1. Þegar 5 fyrirtæki eða færri fá aðgang að skránni er árgjald fyrir hvert þeirra kr. 100.800
  2. Árgjald næstu 5 fyrirtækja sem fá aðgang að skránni er fyrir hvert þeirra kr. 50.400
  3. Árgjald vegna hvers fyrirtækis umfram 10 sem fá aðgang að skránni er fyrir hvert þeirra kr. 25.200
- c. 2. tl. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verður 4. mgr. með svohljóðandi fyrirsögn:  
*Fyrir rafræna miðlun (uppflettingu):*

#### 3. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a. Á eftir orðinu „árgjald“ í 1. tl. kemur: miðlara.
- b. 2. tl. fellur niður.
- c. 3. tl. verður 9. tl. Á eftir orðinu „uppflettinga“ kemur: aukatilkyppinga.
- d. Við 7. gr. reglugerðarinnar bætast nýir töluliðir, 2., 3., 4., 5., 6., 7. og 8. tl., svohljóðandi:
  2. Fyrir hverja uppflettingu allt að 2.500 á mánuði kr. 300
  3. Fyrir hverja uppflettingu umfram 2.500 og allt að 5.000 á mánuði kr. 285
  4. Fyrir hverja uppflettingu umfram 5.000 og allt að 7.500 á mánuði kr. 270
  5. Fyrir hverja uppflettingu umfram 7.500 og allt að 15.000 á mánuði kr. 255
  6. Fyrir hverja uppflettingu umfram 15.000 á mánuði kr. 240
  7. Fyrir afrit af heildarskrá yfir hlutafélög og/eða samvinnufélög skal greiða fyrir hvert félag í skránni kr. 240
  8. Fyrir hverja uppfærslu á félagi í heildarskrá, sbr. 7. tl., skal greiða kr. 300

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, 22. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs með síðari breytingum, 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum, 2. mgr. 121. gr. laga um

Nr. 455

8. maí 2007

einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum og 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. maí 2007.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sóley Ragnarsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2007